



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 21. janúar 2025, fundur hófst kl 20:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmadóttir, Katla Gísladóttir, Hermann Vilmundarson, Sigurbjörn Eiríksson, Lárus Sindri Lárusson, Haraldur Pétursson

Fjarverandi: Davíð Áskelsson

1. 1.deildin

Búið er að skrifa undir samninginn við 1. Deildina og ekkert því til fyrirstöðu að hefja undirbúning. Félagið mun koma til móts við 1. Deildina og vinna með þeim að halda sem best keppniskvöld.

2. Mál frá Þórdísi.

Dísa þarf að fá fullan aðgang að félagatalinu, er lista til að senda á ungmenni félagsins. Mikið um að fólk sé að koma á skrifstofuna og ræða málin. Grímutölt er framundan, engin formleg skráning, engir dómara og því engin útlagður kostnaður.

3. Félagsgjöldin

Allt að verða klárt til að senda félagsgjöldin í heimabanka félagsmanna. Þórdís setur inn auglýsingu á miðla Sprettis um málið.

4. Íslandsmót í gæðingalist

Rætt um Íslandsmótið í gæðingalist, LH er með ýmsar kvaðir eins og útsendingu, auglýsingar og þh. Gera má ráð fyrir um 750 þús. í dómarakostnað og mögulega munu skráningargjöldin ná að dekkja þann kostnað. Mikilvægt að ná í sem mestar auglýsingatekjur til að auka tekjurnar.

Vanda þarf vel samningsgerðina við LH um mótið. Gert er ráð fyrir að mótið verði síðastu helgina í apríl en það þarf að taka ákvörðun fljótlega.

5. Nefndarkvöld

Jónína er búin að setja upp skjal fyrir nefndarkvöldið, Þórdís útbýr auglýsingu. Við hjálpumst að við að undirbúa nefndirnar. Finnum tíma eftir Þorablótið.

6. Umsjónamaður svæðis og eigna

Búið er að ganga frá ráðningu á umsjónarmann svæðis og fasteigna, Ragnari Stefánssyni. Reiknað er með að hann hefji störf fljótlega, ekki seinna en 1 febrúar.

Þarf að sækja Sprettis bílinn á Selfoss enda er hann ekki að seljast. Hann mun verða til ráðstöfunar fyrir starfsmenn á vinnutíma og nefndir. Fyrirhugað er að hann standi fyrir utan höllina þegar hann er ekki í notkun.

7. Aðalfundur

Stefnt að því að halda aðalfund um miðjan mars, auglýsa í byrjun febrúar. Best að halda þriðjudag eða miðvikudag og því eru 18 mars og 19 mars mögulegar dagsetningar.

Það þarf líka að heyra í bókunum og laganefndinni áður en dagsetning er ákveðin. Lagabreytingar þurfa að vera konar til stjórnar 4 vikum fyrir aðalfund. Senda þarf tilkynningu til félagsmanna svo þeir hafi kost á að koma til breytingartillögur eða athugasemdir.

8. Plastgámur

Breyting í farvatninu, HP gámar hættir með þá ókeypis þjónustu að tæma þá gáma sem við höfum verið með. Þeir ætla að senda okkur tilboð í aðra lausn. Einnig rétt að kanna fleiri möguleika og taka ákvörðum um framhaldið í kjölfarið á því.

9. Vínveitingaleyfi

Gengur frekar hægt að koma þessu í gegn. Jónína/Lárus eru búin að skila öllum pappírnum í dag þannig að þetta er komið í ferli hjá Sýslumanni og ætti vonandi að skila sér fljótlega.

10. Auglýsingar í höllinni

Verið er að fara yfir auglýsingamálin í Samskipahöllinni. Ógreiddar auglýsingar verða teknar niður ef greiðslur skila sér ekki og laus pláss verða boðin til sölu.

Einhverjir auglýsendur ætla ekki að halda áfram, Hermann talar við Landsstólpa og BM Vallá

11. Önnur mál

Haukur Hauksson tók að sér að setja loftun í Húsasmiðjuhöllina, blikksmiður fenginn til að smíða lofttúður.

Fundi slitið kl. 21:30

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson